

Rangárþing eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 20. maí 2022
UST202204-095/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020 – 2032 - Heildarendurskoðun

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra er barst 8. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að heildarendurskoðun á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020 – 2032.

Í greinargerð kemur fram að meginstefna sveitarstjórnar er að skapa góð skilyrði fyrir mannlíf og atvinnulíf til framtíðar og gera búsetu eftirsóknarverða. Þetta verði m.a. útfært með skynsamlegri landnýtingu þar sem stuðlað er að sjálfbærri nýtingu vistkerfa og bindingu kolefnis, orkuframleiðsla sé vistvæn og stuðlað að grænum samgöngum og útivistarmöguleikum.

Skógafoss og skilmálar

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í skilmálum allra svæða, sem eru innan friðlýsingarmarka og jaðarsvæðis Skógafoss, komi fram að öll mannvirkjagerð og jarðrask sé háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt núverandi aðalskipulagi Rangárþings eystra er gert ráð fyrir að byggð sé lágreist og gætt skuli að ásýnd friðlýsta svæðisins Skógafoss. Til dæmis væri óeskilegt ef vindmyllur hefðu bein áhrif eða áhrif á ásýnd friðlýsta svæðisins.

Í tillögunni er AF52 titlað sem áningarstaður Kötlu jarðvangs og þar segir að heimilt sé í samráði við landeiganda að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðir að áhugaverðum stöðum. Umhverfisstofnun bendir á að AF52 er innan friðlýsingamarka Skógaár og Skógafoss og öll uppbygging og breyting á svæðinu er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Á svæðinu er bílaplan, gönguleiðir, merkingar og upplýsingaskilti.

Tillaga að framkvæmdaáætlun (B-hluta)

Umhverfisstofnun bendir á að NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

Umhverfisstofnun vill benda á að innan sveitarfélagsins eru svæði á tillögu NÍ að framkvæmdaáætlun (B-hluta) og má t.d. nefna Skúmsstaðavatn¹ og er svæðið tilnefnt vegna runnamýravistar á láglandi og starungsmýravistar.

Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind (<https://natturuminjaskra.ni.is/>).

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Fossar

Í greinargerð á bls. 16 segir: „*Eins skal forðast að skógrækt spilli útsýnisstöðum, þ.m.t. ásýnd fjalla og fossa. Varast skal að skógrækt takmarki umferð meðfram ám eða vötnum.*“

Umhverfisstofnun bendir á að fossar og nánasta umhverfi þeirra, að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, falla undir b. lið. 2. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.²

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að tillagan taki mið af ákvæðum laganna. Auk þess er mikilvægt að meta hver áhrif skógræktar á reit SL6 hafi á Klittnafoss.

Verndarsvæði

Í greinargerð á bls. 17 segir að íbúðarhús og/eða frístundahús skuli vera utan verndarsvæða og á bls. 20 segir að frístundabyggð verði að jafnaði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúruvafars.

Umhverfisstofnun bendir á að frístundasvæði F1 er skilgreint innan hverfisverndarsvæðis og votlendissvæða sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga³ og við stöðuvatn sem fellur undir sama ákvæði laganna sem nefnist Langanesdý. Auk þess bendir stofnunin á að frístundasvæði F3 innan hverfisverndarsvæðis og norðurhluti F11 nær til stöðuvatns.

¹ <https://www.ni.is/greinar/su-skumsstadavatn>

² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

³ <https://serstokvernd.ni.is/>

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið yfirfari landnotkunarreiti með tilliti til verndarsvæða og að stefnan sé í samræmi við ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í kafla 7 er lögð áhersla á verndun svæða sem hafa gildi í sögulegu, menningarlegu eða jarðfræðilegu tilliti. Einnig segir að skoða skuli frekari verndun fossa, gljúfra og fuglasvæða. Umhverfisstofnun fagnar því að leitast verði við að vernda og endurheimta votlendi og búsvæði fugla í sveitarfélaginu. Umhverfisstofnun bendir á að einnig sé mikilvægt að líta til verndunar vistkerfa og vistgerða með tilliti til verndunar líffræðilegs fjölbreytileika.

Hverfisvernd

Í greinargerð kemur fram að safnskurðir (HV11) eru settir undir hverfisvernd, m.a. til að vernda núverandi land til matvælaframleiðslu og til landbúnaðarnota. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt i. lið í 6.3 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 er hverfisvernd svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

Umhverfisstofnun telur að vernd skurðanna falli ekki undir skilgreiningu hverfisverndar samkvæmt skipulagsreglugerð og eigi því ekki við.

Rammaáætlun

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin vísaði tillögu að friðlýsingu Markarfljóts til ráðherra 26. júní 2019. Umhverfisstofnun lagði til við ráðherra 2019 að breyta afmörkun svæðisins í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda sem bárust á kynningartíma tillögunnar.⁴

Strandsvæði

Í greinargerð á bls. 45 kemur fram að víða við ströndina eru mikilvæg varpsvæði, til dæmis kríu og æðarfugls. Lífríki fjara er víða fjölbreytt og með fjölbreyttu fuglalífi. Umhverfisstofnun tekur undir ofangreint en innan skilgreindra strandsvæða eru svæði á náttúruminjasrá og svæði sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga nr. 60/2013 þar sem verið er að vernda búsvæði og fæðusvæði fugla.

Í almennum skilmálum segir að landgræðsla og skógrækt sé heimil á strandsvæðum. Umhverfisstofnun telur að landgræðsla og skógrækt á fæðusvæðum votlendis muni hafa neikvæð áhrif á fuglana og því mikilvægt að settir séu skýrir skilmálar varðandi vernd og uppgræðslu.

Skógrækt

Í greinargerð á bls. 31 segir að á svæðum, sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spillt, s.s. vegna náttúruvafars, auðlinda, útivistargildis, fornleifa eða söguminja, verði skógrækt takmörkuð eða óheimil.

⁴<https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/atak-i-friðlysingum/2/Greinargerð%20Markarflj%20c3%b0%20Markarflj%20c3%b3t.pdf>

Umhverfisstofnun tekur undir ofangreinda skilmála og telur stofnunin þá eiga við að jafnaði óháð stærð.

Ásýnd

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað. Til að unnt verði að ná þessum markmiðum ætti að hanna skógrækt með tilliti til staðháttanna. .

Fossar falla undir b. lið 2. mgr í 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en þar segir að vernda skuli fossa og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki og því mikilvægt að skógrækt hafi ekki áhrif á ásýnd fossa.

Vistgerðir og fuglar

Í greinargerð þar sem fjallað er um óbyggð svæði segir að unnið sé að stækkun náttúrulegra birkiskóga m.a. með beitarfriðun og plöntun í samræmi við Bonnáskorun um endurheimt skóga.

Umhverfisstofnun bendir á að við skógrækt og endurheimt birkiskóga, þarf að huga að fuglalífi og vistgerðum með háu verndargildi eins og starungsmýravist og língresis- og vingulsvist en samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) er verndargildi þeirra hátt.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að svæðum, þar sem eru vistgerðir með hátt verndargildi, eru mikilvæg fyrir mófugla, ábyrgðartegundir Íslands eða fugla sem eru á válista og ber að vernda, sé ekki raskað eins og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir á að margar ábyrgðartegundir Íslands eru vaðfuglar/mófuglar sem nýta sér flatlendi með lággróðri og votlendi til að byggja á afkomu sína. Með skógrækt verður til annars konar búsvæði sem aðrar fuglategundir kunna að nýta sér, líkt og ýmsar spörfuglategundir, en Umhverfisstofnun bendir á að þessar tegundir fugla eru ekki ábyrgðartegundir Íslands.

Erlendar tegundir

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400metra hæðar yfir sjó.“

Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Í greinargerð, þar sem fjallað er um afþreyingarstaði – og ferðamannasvæði, eru settir fram skilmálar á fjölmörgum svæðum þar sem segir: „Áningastaður Kötlu jarðvangs.

Heimilt er, í samráði við landeiganda, að setja upp upplýsingaskilti, leiðbeiningar og eftir atvikum bílastæði og gönguleiðum að áhugaverðum stöðum.“

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að sveitarfélagið leggi áherslu á aukið aðgengi almennings að náttúru sveitarfélagsins sem er mikil og fjölbreytt. Hins vegar er mikilvægt að settir séu skýrir skilmálar fyrir hvern stað fyrir sig, t.d. eiga bílastæði ekki við á mörgum stöðum, eins og á AF7 sem eru fjallshlíðar Þríhyrnings eða á áningarstað AF35 uppi á Fimmvörðuhálsi. Einnig þarf að fara varlega og setja skýra skilmála varðandi uppbyggingu á svæðum sem eru óröskuð, eins og AF3, eru á náttúruminjaskrá og falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Auk þess er mikilvægt að vandað sé til verka við uppbyggingu svæðanna svo að framkvæmdir rýri ekki verndargildi þeirra eins og við stígagerð í Kvernugili (AF54).

Iðnaðarsvæði

Í greinargerð á bls. 39 segir að ávallt skuli beita bestu fánlegu tækni til að draga úr mengun frá athafnasvæðum, t.d. vegna loft-, hávaða- og rykmengunar.

Umhverfisstofnun bendir á að þessir skilmálar eiga einnig við um iðnaðarsvæði.

Pauleldi

Í greinargerð segir að lyktarmengandi starfsemi, s.s. eldishús alifugla, loðdýra og svína skuli staðsett í a.m.k. 250 m fjarlægð frá annarri byggð. Staðsetningu eldishúsa skuli skoða í hverju tilfalli fyrir sig og meta m.a. út frá áætluðum fjölda dýra, ríkjandi vindátt og náttúrufarslegum aðstæðum. Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að vísa í skipulagsáætluninni í 6. gr. reglugerðar nr. 520/2015 um eldishús alifugla og svína þar sem fjallað er um fjarlægðir.

Vindorkuver

Í leiðbeiningariti Skipulagsstofnunar, sem nefnist *Um skipulag og vindorkunýtingu*⁵, segir að í allt að 16 km fjarlægð séu vindmyllur mjög áberandi og geti verið ráðandi í landslagi. Sérstaklega þarf að yfirfara uppdráttinn með tilliti til friðlýstra svæða eins og Skógafoss og svæða á náttúruminjaskrá.

Í greinargerð kemur fram að vindmyllur eru ekki leyfðar innan friðlýstra svæða. Umhverfisstofnun tekur undir það, en einnig er mikilvægt að athuga áhrif vindmylla í nálægð við Skógafoss, m.a. á svæði I11.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í tillögunni sé fjallað um umhverfisáhrif vindorkuvera á óbyggð víðerni, ferðamennsku og efnistökusvæði og hvernig förgun og frágangi verði háttáð á vindrafstöðvum að líftíma loknum.

Námur

Í forsendum skipulagsins á bls. 48 kemur fram að í Rangárþingi eystra er fjölbreytilegt landslag fjöru, fjalla og jökla. Auk jöklanna eru Þríhyrnungur og Vatnsdalsfjall upp af Fljótshlíð, Stóri-Dímon á aukum Markarfljóts og brattar hlíðar Eyjafjalla áberandi kennileiti í sveitarfélaginu.

⁵ <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Um-skipulag-og-vindorkunyttingu.pdf>

Umhverfisstofnun bendir á að við námu E27 við Fagrafell var áberandi efnistaka á fallegu svæði og var gengið frá námunni eftir athugasemdir frá Umhverfisstofnun. Þarna var tekið efni í malarslitlög og talið að þarna væri nánast ekkert nýtanlegt efni eftir og því gengið frá námunni. Að mati Umhverfisstofnunar á þessi náma því ekki að vera á skipulagi.

Auk þess bendir stofnunin á að náman Holtnúpur E39 er í fallegrri hlíð við hringveginn. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að hætta efnistöku þar þar sem náman er orðin verulegt lýti í fjallinu og veldur verulegum breytingum á landslagi og leggur stofnunin til að líta til annarra svæða til efnistöku. Bent skal á að á vefsíðunni namur.is er lagst gegn efnistöku úr skriðum vegna mikilla og óafturkræfra áhrifa.

Í greinargerð í kafla 4.1.3 segir: „Við viðhald vega er reynt að nota efni sem næst notkunarstað og því er heimil efnistaka í næsta nágrenni utan skilgreindra efnistökusvæða.“ Auk þess segir: „Heimiluð er efnistaka í næsta nágrenni veganna í samráði við Umhverfisstofnun.“

Umhverfisstofnun telur orðalagið og skilyrðin „heimil efnistaka í næsta nágrenni utan skilgreindra efnistökusvæða“ óljós og mikilvægt er að skilgreina þau betur í tillögnum.

Reiðleiðir

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 20. gr. náttúrverndarlaga nr. 60/2013 segir að þegar farið er ríðandi um landið skal fylgt skipulögðum reiðstígum eins og kostur er. Bannað er að reka hross yfir gróið land þannig að náttúruspjöll hljóttist af eða hætta skapist á náttúruspjöllum. Á ferð um hálendi og önnur lítt gróin svæði skulu menn hafa tiltækt nægilegt aðflutt fóður fyrir hross sín. Heimilt er mönnum, að fengnu leyfi eiganda eða réttihafa eignarlands þegar við á, að slá upp aðhöldum eða næturhólfum fyrir hross, enda valdi það ekki spjöllum á náttúru landsins. Á hálendi skal þeim valinn staður á ógrónu landi sé þess kostur. Þegar farið er á hestum um eða höfð viðdvöl með hross á náttúruverndarsvæði, sbr. XIV. kafla laganna, þar sem starfandi er landvörður eða umsjónaraðili, skal haft samráð við hann.

Vegir í náttúru Íslands

Unninn hefur verið uppdráttur um vegi í náttúru Íslands í samræmi við 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og í samræmi við flokkun þeirra skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að við flokkun vega skal einnig tiltaka sérstaklega á hvað tíma árs heimilt er að nota veginn eða hvort umferð um hann er takmörkuð við ákveðna tegund ökutækja eða tilgang umferðar, svo sem vegna smalamennsku, veiði, eftirlits og viðhalds orku- og veitumannvirkja eða rannsókna.⁶

Auk þess segir í greininni að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll.

⁶ https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands_v4.pdf

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum fjölda vega innan svæða á náttúruminjaskrá, sem geta haft áhrif á viðkvæma náttúru og ásýnd lands, óskar stofnunin hér með eftir fundi og samstarfi við sveitarfélagið við gerð vegaskrár. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi vegi í náttúru Rangárpings eystra 3. mars sl.⁷

Fráveita

Í greinargerð um forsendur (bls. 22) er mikilvægt að fjallað sé ítarlegar um stöðu fráveitumála í sveitarfélaginu en Umhverfisstofnun bendir á að fráveitumál eru t.d. ófullnægjandi í þéttbýlinu Hvolsvelli og uppfylla ekki kröfur um tveggja þrepa hreinsun skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Gera þarf ráðstafanir við forhrensun á skólpi, þ.e. að ná aðskotahlutum úr seyrinni áður en hún fer í frekara niðurbrot og nýtingu. Auk þess er viðtaki skólps ekki viðunandi en skólpvatn rennur um langt og opið skurðakerfið þar til það fer út í Þverá. Umhverfisstofnun hefur ekki upplýsingar um stöðu fráveitumála á Skógum.

Stofnunin bendir einnig á að skv. 3. mgr. 13. gr. í reglugerð um fráveitur og skólp skulu einstaka hús, sem ekki eru tengd fráveitukerfi sveitarfélags, vera með tveggja þrepa hreinsun (rotþró og siturbeð/annars konar hreinsivirki). Rotþró ein og sér er ekki fullnægjandi hreinsun.

Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að sveitarfélagið skoði möguleg áhrif loftslagsbreytinga á sveitarfélagið í heild sinni. Þess má geta að líklegt er að úrkoma aukist og úrkomuákefð einnig sem gera þarf ráð fyrir í fráveitukerfum. Við uppbyggingu nýrra hverfa ætti að leggja áherslu á að aðskilja ofanvatns- og skólplagnir til að draga úr álagi á hreinsistöðina. Slíkar ráðstafanir ættu að vera mun hagkvæmari fyrir sveitarfélagið heldur en að færa allt vatnið í eina hreinsistöð.

Í almennum skilmálum greinargerðar um framtíðarstefnu eru að mati stofnunarinnar jákvæð atriði varðandi umhverfisvænni lausnir fyrir veitur og aðskilnað skólps og ofanvatns. Í punkti 7 mætti bæta yfirborðsvatni við upptalningu um mengun jarðvegs eða grunnvatns.

Í kafla 5.4 um fráveitu og ofanvatn segir að tryggja skuli aðgengi að rotþró til tæmingar og að förgun/nýting úrgangs verði fullnægjandi og í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits. Umhverfisstofnun vekur athygli á að stutt er í bann við urðun lífræns úrgangs og því ætti sveitarfélagið að fara að vinna í því að nýta seyruna sem safnast úr fráveitu í stað þess að hún verði urðuð.

Auk þess segir að stefnt sé að ítarlegri hreinsun frárennslis þar sem viðtakinn er grunnvatn/ferskvatn. Umhverfisstofnun telur þetta orðalag óljóst. Umhverfisstofnun bendir á að grunnkrafta um hreinsun, þar sem losun er út í grunnvatn/ferskvatn, er alltaf tveggja þrepa en sé viðtakinn viðkvæmur fyrir ákveðnu álagi frá skólpi þá skuli skólpið hreinsað ítarlegar, t.d. með geislun eða meiri hreinsun á öðrum mengunarpáttum.

Varðandi kafla 7.2 vill stofnunin benda á tengsl fráveitumála og heimsmarkmiðs nr. 6 en engin umfjöllun er um það.

⁷ <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%20-%20Vegir%20-%20ad%20n%20-%20a1tt%20-%20Rang%20-%20a1r%20-%20beings.pdf>

Vatnsvernd

Í greinargerð um forsendur á bls. 22 er umfjöllun um flokkun vatnshlota. Umhverfisstofnun vill benda á að skilgreining og flokkun vatnshlota fer í dag fram samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og ástand vatns, aðgerðir og vöktun vatns eru sett fram í vatnaáætlun, í stað reglugerðar nr. 796/1999. Auk þess ætti að fjalla um vatnaáætlun, markmið hennar og hlutverk sveitarfélaga í kafla 5.7 um vatnsvernd.

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl sl. á grunni laga nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtíma-vernd vatnsauðlindarinnar.

Öll vatnshlot eiga að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi og hafa góða magnstöðu. Samkvæmt lögnum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Á skipulagssvæði sveitarfélagsins hefur álag á vatn verið metið og voru niðurstöður um slíkt settar fram í *Stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands*⁸ árið 2013 og uppfærðar ef tilefni gaf til í vatnaáætlun. Þar var eitt vatnshlot, Þverá 2 (103- 735-R), skilgreint í óvissu um að ná umhverfismarkmiðum sínum vegna skólþrosunar. Sveitarfélagið ber ábyrgð á að sjá til þess að rannsóknir verði framkvæmdar eða gögn berist um ástand vatnshlotsins svo að hægt verði að staðfesta ástand þess. Á síðastliðnum misserum hefur því átt sér stað samtal milli Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og sveitarfélagsins um aðgerðir í fráveitu til að draga úr álagi á vatnshlotið. Tvær aðgerðir voru samþykktar í vatnaáætlun: að sveitarfélagið framkvæmi mælingar í hreinsistöð og vöktun í viðtaka, auk þess að það setji fram úrbótaáætlun fyrir fráveitu á árinu 2022. Mikilvægt er að aðalskipulagið taki tillit til þeirra úrbóta sem þarf að fara í vegna fráveitu og vatnaáætlunar.

Úrgangur

Umhverfisstofnun bendir á að umhverfisráðherra gaf út, í júní 2021, nýja stefnu í úrgangsmálum sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Umhverfisstofnun bendir á að bann við urðun alls lífbrjótanlegs úrgangs er aðgerð nr. 16 í stefnunni sem áætlað er að taki gildi fyrir árslok 2024.

⁸ <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/Vatnatilskipun/St%c3%b6%c3%b0usk%c3%bdrsla%20fyrir%20vatnasv%c3%a6%c3%b0i%20%c3%8dslands%202013.pdf>

Umhverfisstofnun bendir á að þann 1. janúar 2023 tekur gildi breyting á lögum nr. 103/2021 um breytingu á m.a. lögum um meðhöndlun úrgangs, sem er hluti innleiðingar á ofangreindri stefnu ráðherra í úrgangsmálum. Meðal annars verður sveitarfélögum skylt að koma upp sérstakri söfnun og flokkun á fleiri tegundum heimilisúrgangs. Í þéttbýli skal söfnun fara fram innan lóðar á pappír og pappa, plasti og lífúrgangi en söfnun á gleri, málmum og textíl má fara fram á grenndarstöðvum og söfnun spilliefna í nærumhverfi íbúa. Rekstraraðilum verður skylt að flokka sinn úrgang með sama hætti, auk þess sem skylt verður að flokka byggingar og niðurrifsúrgang í a.m.k. sjö efnisflokkum. Þar að auki verður sveitarfélögum skylt að innheimta gjald sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs, svo sem með því að miða við magn úrgangs, gerð hans, losunartíðni eða aðra þætti. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skipulagsáætlanir sveitarfélagsins samræmist stefnu ráðherra í úrgangsmálum og þeirra lagabreytinga sem munu taka gildi á næstu misserum.

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð segir að unnið verði að frekari flokkun og endurvinnslu sorps. Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum um meðhöndlun úrgangs er sorp skilgreint sem samheiti heimilisúrgangs. Úrgangur er víðtækt hugtak og nær einnig yfir rekstrarúrgang, m.a. byggingar- og niðurrifsúrgang. Því telur stofnunin réttara að tala um úrgang í stað sorps í þessu samhengi.

Loftslagsstefna

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að í c. lið. 5. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál segir, að sveitarfélög skulu setja sér loftslagsstefnu, þar sem stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð. Auk þess vill stofnunin benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029* þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi. Áætlunin, sem gefin var út árið 2017, hefur það að meginmarkmiði „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“ en leiðarljós áætlunarinnar er: „að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið.“

Mengaður jarðvegur

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skulu sveitarfélög taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr., við gerð skipulags. Stofnunin vinnur nú að skránni en bendir á að sveitarfélagið skal samkvæmt reglugerðinni taka mið af svæðunum sem grunur er um mengun.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur